

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda  
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum  
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – seinni hluti  
12. október 2023  
kl. 9:00 – 16:00

*Ábendingar:*

*Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.*

*Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.*

*Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.*

*Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.*

*Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.*

*Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.*

## Verkefni 1 – 25 mín.

Þú hefur endurskoðað lyfjafyrirtækið Parkó í fimm ár. Félagið framleiðir samheitalyf og fer framleiðslan fram í Hveragerði. Þegar félagið hóf rekstur fyrir tíu árum keypti það vélar, búnað og aðrar eignir frá öðru lyfjafyrirtæki sem hafði flutt starfsemi sína erlendis. Parkó tók meðal annars við gæða-, innkaupa- og sölukerfi frá þessu lyfjafyrirtæki en keypti Business Central kerfið til að nota sem fjárhagskerfi félagsins. Frá upphafi hefur þurft að færa gögn frá innkaupa- og sölukerfi inn í Business Central kerfið. Einn starfsmaður er í tölvudeild félagsins og hefur hann séð um að flytja gögn á milli kerfanna. Starfsmaðurinn hefur enga sérþekkingu á fjárhagskerfum. Nú stendur til að innleiða nýtt innkaupa- og sölukerfi sem verður hluti af Business Central kerfinu. Fjármálastjóri Parkó hefur samband við tölvuendurskoðunarteymið þitt til að fá aðstoð við innleiðinguna, setja upp kerfið, aðgangsstýringar og ýmsa eftirlitsþætti.

### Úrlausnarefni:

- A. Má tölvuendurskoðunarteymið veita Parkó umrædda þjónustu?
- B. Breytist svar þitt í A-lið ef Parkó væri með skráð verðbréf í kauphöll?

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

### Svarið í word-svarskjali

## **Verkefni 2 – 60 mín.**

Þú hefur nýverið verið ráðinn til GoAudit. Félagið hefur komið þokkalega út í gæðaeftirliti, bæði hjá GoAudit keðjunni sem starfar um heim allan og í gæðaeftirliti endurskoðendaráðs. Á síðasta eigendafundi GoAudit var fjallað um nýja alþjóðlega gæðastjórnunarstaðla. Eigendur voru ekki sammála um hvort þessir staðlar hefðu einhver áhrif á félagið, sumir töldu að það væri ekkert nýtt í þessum stöðlum á meðan aðrir töldu að það væru töluverðar breytingar sem þyrftu að eiga sér stað hjá félaginu. Þá voru umræður um það hvenær þessir nýju staðlar tækju gildi. Á fundinum var ákveðið að það yrði þitt fyrsta verkefni, sem nýs starfsmanns, að skoða þessi gæðamál og skrifa minnisblað til stjórnar um hvaða kröfur nýir gæðastaðlar geri til gæðakerfis endurskoðunarfyrtækja.

### **Úrlausnarefni:**

**Taktu saman minnisblað um hvaða kröfur alþjóðlegu gæðastjórnunarstaðlarnir ISQM 1 og ISQM 2 gera til gæðakerfis GoAudit.**

**Í minnisblaðinu ætti að minnsta kosti að koma fram:**

- **Hverjar eru helstu kröfur sem þarf að uppfylla?**
- **Hver er gildistökudagur einstakra ákvæða?**
- **Hvaða áskoranir fylgja innleiðingu gæðakerfis samkvæmt stöðlunum fyrir íslensk endurskoðunarfyrtækja?**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**

### Verkefni 3 – 30 mín.

Félagið Framtíðarvæntingar hf. hefur beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum árum saman. Félagið var nýverið skráð í kauphöll. Það þarf því að birta starfsþáttayfirlit í fyrsta sinn. Í félaginu eru sex deildir: A, B, C, D, E og F. Starfsemi deildanna er ólík hver annarri, þ.e. þær selja mismunandi vörur og á ólíkum mörkuðum.

Það er ljóst að hver og ein þessara deilda er sérstakur starfsþáttur (e. operating segment). Stjórnendur félagsins leita til þín sem sérfræðings í reikningshaldi og biðja um rökstudd svör við eftirfarandi spurningum.

#### Úrlausnarefni:

- A. Hverjir þessara starfsþátta eru frásagnarskyldir (e. reportable segments) miðað við þær fjárhagsupplýsingar sem fram koma á fylgiskjali 1?
- B. Hvaða upplýsingar þarf að birta um hvern frásagnarskyldan starfsþátt í skýringu um starfsþætti í ársreikningi félagsins?

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í excel og/eða word-svarskjali:**

#### **Verkefni 4 – 120 mín.**

Þér hefur verið falin verkefnastjórn á endurskoðun Hótel Beljanda hf. GoAudit hefur veitt félaginu uppgjörsaðstoð og aðstoð við gerð skattframtals í um 20 ár og hefur sami endurskoðandi sinnt þessari þjónustu. GoAudit hefur endurskoðað hótelið síðastliðin tíu ár en þá fór hótelið yfir stærðarmörk ársreikningslaga sem kallaði á endurskoðun ársreikningsins. Hótel Beljandi hf. rekur fimm hótél undir merkjum Hótel Beljanda, sem öll eru nálægt stórum þéttbýlisstöðum.

Hótelið hefur ávallt verið í eigu sömu fjölskyldunnar. Framkvæmdastjóri félagsins er dóttir stofnandans. Hún hefur lagt áherslu á það við áritunarendurskoðanda GoAudit að skilvirkni verði gætt við skipulagningu endurskoðunar enda „er það ekki val okkar að láta endurskoða félagið, heldur einungis gert fyrir ríkið. Við fáum ekkert út úr svona endurskoðun. Og í guðanna bænum, ekki senda okkur grænjaxla beint úr háskólanum sem spyrja ár eftir ár um það sama og hafa engan skilning á rekstrinum og eru bara í skattransókn.“

Þú ert að hefja skipulagningu á endurskoðun ársins 2023. Þú kallaðir eftir níu mánaða tölum vegna rekstrarársins 2023 en framkvæmdastjórinn sagði að þú yrðir að styðjast við 2022 ársreikninginn í undirbúningnum ef þú vildir byrja svona snemma með endurskoðunina. Starfsfólkið hefði ekki náð að stemma af bókhaldið 2023 hjá öllum hótélunum en þau eru ýmist færð sem sjálfstæðar deildir eða sem hlutdeildar- og dótturfélög. Framkvæmdastjórinn fullyrti að reksturinn fyrstu níu mánuði ársins 2023 væri mjög svipaður fyrstu níu mánuðum ársins 2022 og því væri líklegt að síðustu mánuðir ársins 2023 yrðu svipaðir síðustu mánuðum ársins 2022.

Meðfylgjandi er ársreikningur síðasta árs og samantekt á helstu upplýsingum um fyrirtækið sem framkvæmdastjórinn hefur tekið saman. (Fylgiskjal 2 og 3).

#### **Úrlausnarefni:**

**Verkefni þitt er að:**

- A. Ákvarða mikilvægismörk (e. materiality) og skipulagningarmikilvægismörk (e. performance materiality). (15 mín.)**
- B. Framkvæma áhættumat sem tengist endurskoðun á Hótel Beljanda fyrir rekstrarárið 2023. Greindu frá mati þínu á innbyggðri áhættu (e. inherent risk) og eftirlitsáhættu (e. control risk) ásamt mati þínu á verulegri áhættu (e. risk of material misstatement). Láttu koma skýrt fram hvaða áhættur teljast vera lykiláhættur (e. significant risk) og af hverju. (60 mín.)**
- C. Gera drög að endurskoðunarfyrirmælum vegna lykiláhættuþátta (e. significant risk) með tilvísun í staðhæfingar stjórnenda. (45 mín.)**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word og/eða excel-svarskjali.**

## Verkefni 5 – 30 mín.

Fortíðarþrá hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Þann 1. janúar 2022 gerði félagið samning um kaup á eigin hlutum. Samkvæmt samningnum mun Fortíðarþrá hf. kaupa 1.000.000 eigin hluti á 10 kr. á hlut. Uppgjörsdagur er 30. júní 2023. Hver hlutur í Fortíðarþrá hf. er 1 kr. að nafnvirði.

Í meðfylgjandi töflu koma fram upplýsingar um gengi hlutabréfa í Fortíðarþrá hf. og gangvirði afleiðusamningsins á tilteknum dögum. Teljir þú að nota þurfi vexti í dæminu skaltu gera ráð fyrir að þeir séu 10% og er þá heimilt að notast við veldisvexti í stað samfelldra vaxta.

	1. jan. 2022	31. des. 2022	30. júní 2023
Gengi hlutabréfa í Fortíðarþrá hf.....	8,61	10,50	12,50
Gangvirði samningsins*.....	0	987.706	Þurfið að finna

\*Jákvætt gangvirði frá sjónarhóli Fortíðarþrár hf.

### Úrlausnarefni:

- A. Sýndu á forminu debit / kredit þær færslur sem Fortíðarþrá hf. þarf að færa í reikningsskil sín þann 1. janúar 2022, 31. desember 2022 og 30. júní 2023 miðað við að samningurinn verði gerður upp brúttó, þ.e. með móttöku hluta gegn umsaminni greiðslu.
- B. Sýndu á forminu debit / kredit þær færslur sem Fortíðarþrá hf. þarf að færa í reikningsskil sín þann 1. janúar 2022, 31. desember 2022 og 30. júní 2023 miðað við að samningurinn verði gerður upp nettó, þ.e. með peningagreiðslu en ekki móttöku hluta.

Litið skal fram hjá skattáhrifum en láttu koma skýrt fram á hvaða liði reikningsskilanna færslur eru gerðar.

**Svarið í í excel og/eða word-svarskjali**

## Verkefni 6 – 85 mín.

Fjármálastjóri félagsins X hf. er snjall reikningsskilamaður en svolítið óskipulagður. Hann lenti í tímahraki þegar kom að því að gera ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og náði ekki að klára hann fyrir árlega golfferð með gömlum skólafélögum. Hann leitaði því til þín sem sérfræðings í reikningsskilum og bað þig um að gera eiginfjárfirlit og sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2022. Hann var sjálfur búinn að gera rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu og efnahagsreikning. Félagið beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Á fylgiskjali 4 má sjá rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu ársins 2022, efnahagsreikning í lok árs 2022 og til samanburðar efnahagsreikning í lok árs 2021. Hér á eftir eru ábendingar sem fjármálastjórinn sendi þér í tölvupósti rétt áður en hann hélt af landi brott. Hann telur að þær dugi til að útbúa fyrrnefnd yfirlit en að annað ætti að skýra sig sjálft með því að greina með viðeigandi hætti breytingar annarra liða reikningsskilanna milli ára.

### Úrlausnarefni:

- A. Settu fram fullbúið eiginfjárfirlit fyrir árið 2022 þar sem allir eiginfjárliðir eru sérgreindir, þar á meðal þeir liðir sem mynda eiginfjárliðinn annað bundið eigið fé í efnahagsreikningi. Notaðu skemað fyrir eiginfjárfirlitið sem gefið er í excel-svarskjali vegna spurningar 6. Ekki er víst að nota þurfi alla þá dálka og línur sem gert er ráð fyrir í skemanu.**
- B. Gerðu fullbúið sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2022. Notaðu skemað sem gefið er fyrir sjóðstreymisyfirlitið í excel-svarskjali vegna spurningar 6 en bættu við millisamtölum ef við á. Það er ekki víst að nota þurfi allar línur í skemanu.**

### Ábendingar

1. Félagið nýtti góða fjárhagsstöðu til að greiða þann 31. mars 2022 að fullu upp skuldabréf sem það gaf út fyrir nokkrum árum og var skráð á markað. Nafnvextir skuldabréfsins og virkir vextir þess voru 6,0%. Skuldabréfið, sem var óverðtryggt og eina langtímalán félagsins, var með árlegum gjalddaga í lok hvers árs en þá var greidd afborgun af höfuðstól og áfallnir vextir ársins. Engar greiðslur voru því inntar af hendi á árinu fram að þeim degi sem félagið greiddi skuldabréfið upp.
2. Snemma á árinu 2022 greiddi félagið hluthöfum arð í samræmi við tillögu stjórnar í ársreikningi 2021.
3. Þann 1. júlí 2022 tók félagið tæki á leigu. Leigutíminn er 18 mánuðir. Í lok leigutíma mun félagið skila tækinu aftur til leigusala. Enginn kostnaður féll til við gerð leigusamningsins og námu leiguskuld og leigueign sömu fjárhæð á upphafsdegi leigusamningsins. Notast var við 10% vexti við útreikning leiguskuldar. Leigueignin er afskrifuð línulega á leigutímanum. Leigugreiðslur

eru þrjár: 31. desember 2022, 1. júlí 2023, og 31. desember 2023, en þann sama dag mun tækinu verða skilað. Leigugreiðslur eru fastar, hver þeirra er 2.754.

4. Félagið átti einungis í einum viðskiptum með hlutabréf á árinu þegar það keypti eignarhlut í nýskráðu félagi. Önnleystar gangvirðisbreytingar eru færðar á annað bundið eigið fé.
5. Liðurinn vélar í lok árs 2021 samanstendur af annars vegar réttingarvél og hins vegar beygjuvél. Bókfært verð réttingarvélarinnar var 10.000 lok árs 2021 en beygingarvélarinnar 15.000. Árleg afskrift réttingarvélarinnar hefur verið 1.000 en beygingarvélarinnar 1.500. Um mitt ár 2022 var réttingarvélin seld. Í lok árs 2022 keypti félagið nýja réttingarvél sem mun verða tekin í notkun í upphafi árs 2023. Kaupverð hennar var 24.800 að meðtöldum 24% virðisaukaskatti. Innskattur af kaupverðinu er færður meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi í árslok.
6. Seint á árinu 2022 gerði félagið í fyrsta sinn afleiðusamning með gjalddaga 1. mars 2023. Þetta er samningur um kaup á gjaldeyri í erlendri mynt og gerður til að verja gengisáhættu vegna skuldbindingar um vörukaup í erlendri mynt. Félagið ákvað að beita sjóðstreymisvarnarreikningskilum. Enginn kostnaður féll til við gerð afleiðusamningsins og var gangvirði hans núll á samningsdegi.
7. Félagið keypti land á árinu. Stjórnendur hafa ekki ákveðið hvernig þeir nýta landið og flokka það sem fjárfestingarfasteign í efnahagsreikningi. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.
8. Liðurinn annar starfsmannakostnaður í rekstrarreikningi samanstendur að fullu af gjaldfærslu vegna kaupréttarsamninga sem gerðir voru við nokkra lykilstarfsmenn á árinu 2022 og eru nýtanlegir í árslok 2024. Þeir verða eingöngu gerðir upp með afhendingu eigin hluta gegn umsáminni greiðslu. Litið var fram hjá mögulegum skattalegum áhrifum við færslu í bókhald og þurfa prófmenn ekki að velja þeim áhrifum fyrir sér.

**Svarið í excel-svarskjali**



## Verkefni 7 – 70 mín.

Hermundur, einn af eigendum GoAudit, sinnir markaðsmálum mjög vel og er lunkinn við að finna nýja viðskiptavini. Hann er nýkominn úr fjölmennri Oddfellowferð frá Portúgal en í þeirri ferð náði hann að sannfæra eiganda BuildByg um að koma í viðskipti til GoAudit. BuildByg er eitt af stærstu byggingarfyrirtækjum landsins. Hermundur vill að þú verðir endurskoðandi BuildByg þar sem það þarf mikinn fagmann í endurskoðun á svona flóknu fyrirtæki. Hermundur sagðist hafa farið í gegnum samþykktarferlið í Portúgal og hafi þegar undirritað ráðningarbref um endurskoðun fyrir hönd GoAudit. BuildByg er að undirbúa að bjóða í verkþátt vegna nýja Landspítalans og vill eigandi BuildByg fá GoAudit til að ljúka endurskoðun innan mánaðar til að uppfylla skilyrði útboðsins um endurskoðaðan ársreikning. Hermundur sannfærði eigandann um að það væri ekkert mál, GoAudit myndi setja allt sitt besta fólk í að ljúka endurskoðuninni á þessu tíma.

Eigandi BuildByg er þekktur athafnarmaður og að margra mati snjall í viðskiptum. Hann fékk fimm ára fangelsisdóm fyrir nokkrum árum fyrir aðild sína að viðskiptum í gegnum aflandsfélög á Tortóla, leynilega samninga, fjármunaflutninga og millifærslur milli landa. Hann var þá með heimilisfesti í Afríku. Eigandinn hefur nýverið farið yfir málið í fjölmiðlum og sagði að fangelsisdómurinn væri byggður á misskilningi og opinber orðræða hafi haft áhrif á faglega vinnu dómara Hæstaréttar. Dómur Hæstaréttar byggði meðal annars á því að „háttsemi ákærða hafi falið í sér alvarlegt trúnaðarbrot gagnvart stóru almenningshlutafélagi sem leiddi til stórfellds fjártjóns fyrir aðra hluthafa og samfélagsins almennt“. Dómurinn var einn af þyngri fjárvikadódomum sem fallið hafa á Íslandi en eigandinn hefur lokið afplánun og fengið atvinnufrelsi á ný. Í samtali við Hermund í Portúgal, sagði eigandinn að þrátt fyrir ósanngjarna meðferð dómstóla á máli hans, telji hann sig vera nýjan og breyttan mann eftir þessa lífsreynslu. „Markmið mitt í fyrirtækjarekstri er auðvitað áfram að græða pening en BuildByg leggur nú höfuðáherslu á samfélagslega ábyrgð og hvernig fyrirtækið geti skilað sem mestu til samfélagsins. Ef ég þarf að velja á milli leiðar A og B, þá vel ég gjarnan þá leið sem kemur sér best fyrir starfsfólkið mitt og hvernig BuildByg getur borgað sem hæstan tekjuskatt til ríkisins. Traustið í viðskiptum kemur þannig aftur. Enginn dans á gráum svæðum lengur hjá mér. Ég vil aldrei aftur þurfa að vera undir rafrænu eftirliti með ökklaband.“

Dóttir eiganda BuildByg, Stína, hefur séð um fjármál fyrirtækisins í nokkra mánuði en hún starfaði sem löggiltur endurskoðandi í nokkur ár eftir nám. Hún hlaut tíu mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir fjárdrátt og peningabætti vegna sölu á sýningarrétti kvikmyndar. Fyrirtækið hennar og meðeigenda, Spólan ehf., seldi sýningarrétt heimildarmyndar um „Only Fans“. Stína nýtti fjármuni félagsins vegna sölunnar í eigin þágu. Hún taldi sig vera í fullum rétti að greiða sér þessa fjármuni enda hefði faðir hennar keypt 30 þúsund miða á myndina og hefði sá gerningur gert sýningarréttinn verðmætan erlendis. Dóttirin nýtti fjármuni félagsins í eigin þágu sem nam andvirði þessara 30 þúsund miða. Meðeigendur hennar voru verulega ósáttir við hennar framgöngu í málinu, kærðu hana í framhaldinu og lauk því máli með áður nefndum dómi. Faðir hennar bauð henni að koma og starfa hjá sér sem fjármálastjóri BuildByg og hætta þessu kvikmyndabrólti sem hún þáði. Sjálf hefur Stína sagt að það sé gott að vera komin aftur í starf sem tengist sinni menntun, kvikmyndaiðnaðurinn hafi verið skemmtilegur en hún hafi aðeins misstigið sig í kjölfar erfiðra tíma í hjónabandinu. Það sé nú allt að baki.

Bróðir Stínu og sonur eigandans af fyrra hjónabandi, sem stundum er kallaður Frissi fyrirliði, starfar líka hjá BuildByg sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Frissi er nýhættur að spila með landsliðinu í handbolta, en hann hefur verið hetja íslenska liðsins um langt skeið og borið fyrirliðabandið. Hann er grimmur í boltanum en algjört ljúfmenni utan vallar og hefur verið landi og þjóð til sóma. Hann er lögfræðingur og hefur séð um samningagerð fyrir BuildByg. Hann þykir flinkur í mannlegum samskiptum, er góður í að sætta sjónarmið og leysa ágreining sem stundum kemur upp í byggingariðnaðinum.

BuildByg hefur ekki aðeins getið sér gott orð sem traustur byggingarverktaki á Íslandi heldur einnig erlendis. Sérstaklega má nefna vel heppnuð verkefni í Noregi, Grænlandi, Finnlandi, Rússlandi og Færeyjum og er félagið með stór verkefni í gangi í þessum löndum. Það hefur stofnað nokkur útibú og dótturfélög í kringum þessi verkefni og flutt mannskap á milli landa eftir því sem þörf krefur. Þá á það einnig nokkur innlend og erlend hlutdeildarfélög. BuildByg er einnig í góðu samstarfi við önnur byggingarfyrirtæki erlendis og hefur félagið í mörgum tilfellum tekið þátt í samstarfsverkefnum, bæði svokölluðum sameiginlegum verkefnum (e. joint venture) og sameiginlegum rekstrarverkefnum (e. joint operation). Þrátt fyrir að BuildByg sé í dag ekki skráð félag þá eru reikningsskil samstæðunnar gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS.

Stína er sterk í IFRS, skattamálum, milliverðlagningu (e. Transfer Pricing), reglum um virðisaukaskatt í byggingariðnaði, verkbókhaldi vegna verka í vinnslu o.fl. og hefur veitt föður sínum ráðgjöf í gegnum tíðina þó svo hún hafi ekki starfað sem launþegi fyrr en nýverið. Hún hefur meðal annars komið að því að svara skattyfirvöldum erlendis vegna ýmissa fyrirspurna tengdum rekstri útibúa og dótturfélaga erlendis.

### **Úrlausnarefni:**

Eins og áður hefur komið fram hefur Hermundur falið þér að taka við endurskoðun BuildByg. Hann telur þetta vera gott verkefni fyrir GoAudit, ekkert tilboðsvesen en vissulega einhver áhætta þarna til staðar sem þarf að bregðast við.

**Hann biður þig um að taka saman minnisblað sem hægt væri að leggja fyrir Áhættunefnd GoAudit svo nefndin fari ekki að rifta ráðningarbréfi hans við BuildByg. Hermundur leggur áherslu á að eftirfarandi komi að minnsta kosti fram í minnisblaðinu:**

- **Hvaða sérstöku áhættur gætu verið til staðar vegna endurskoðunar BuildByg umfram hefðbundnar áhættur í endurskoðun?**
- **Hvernig getur GoAudit brugðist við ofangreindum áhættum?**
- **Hvaða endurskoðunaraðgerðir þyrfti að framkvæma og hvernig til að bregðast við áhættunum?**
- **Hvaða endurskoðunarfyrirmæli þyrfti að senda til erlendra dótturfyrirtækja og útibúa vegna endurskoðunarinnar?**
- **Hvernig ber að standa að standa að endurskoðun útibúa, hlutdeildarfélaga og samstarfsverkefna?**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til*

## Svarið í word-svarskjali